



Aðildarfélag KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 19. júlí 2023

Lög KSÍ

Ágætu félagar,

Á 77. ársþingi KSÍ 2023 voru samþykktar breytingar á lögum KSÍ. Um er að ræða breytingar lagðar til á knattspyrnuþingi með þingskjali [nr. 7](#) (með breytingartillögum), þingskjali [nr. 8](#), og þingskjali [nr. 9](#). Í samræmi við 51. grein laganna þá öðlast lögin gildi við samþykki þeirra á knattspyrnuþingi og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Hefur framkvæmdastjórn ÍSÍ nú staðfest ný og breytt lög KSÍ, með bréfi dags. 11. júlí 2023, en þó með fyrirvara um að ný grein 17.2. komi ekki til framkvæmda við stjórnarkjör og staðfestingu fulltrúa ÍTF og að breyting verði gerð á tilvitnuðu ákvæði. Meðfylgjandi er einnig bréf frá ÍSÍ dags. 11. júlí sl. með nánari skýringum.

Eftirfarandi er yfirlit yfir umræddar breytingar:

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **rauðmerktar**.
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~



LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

I. ALMENN ÁKVÆÐI OG HLUTVERK

2. grein - Hlutverk og tilgangur KSÍ

- 2.1 KSÍ er æðsti aðili knattspyrnumála á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:
- að hafa yfirstjórn íslenskra knattspyrnumála,
 - að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi, m.a. Íslandsmóti karla og kvenna í öllum aldursflokkum, Bikarkeppni karla og kvenna auk annarra móta sem ákveðin eru,
 - að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu og stuðla að góðum stjórnarháttum félaga innan vébanda KSÍ,
 - að setja íslenskri knattspyrnu lög og reglur og að framfylgja þeim,
 - að tryggja góða stjórnarhætti innan knattspyrnusambandsins á grundvelli þeirra gilda sem lög þessi tilgreina,

- f. að sjá til þess að knattspyrnulögunum og reglum KSÍ sé fylgt,
- ~~f. að standa fyrir knattspyrnumótum á Íslandi~~
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi knattspyrnu og heiðarlegan leik,
- h. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnu á Íslandi, og
- i. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni.

5. grein - Réttindi og skyldur aðildarfélaga

- 5.7 Aðildarfélag skuldbindur sig til að **ástunda góða stjórnarhætti** og vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmalaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum. Aðildarfélag skuldbindur sig einnig til að vinna gegn ólöglegri veðmalastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja.

6. grein - Aðrar skyldur

- 6.2. Aðildarfélög, **KSÍ, leikmenn, og aðrir innan KSÍ** skuldbinda sig til að vinna gegn **hvers kyns óeðlilegum afskiptum**, ólöglegri veðmalastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja. Aðilum, sem falla undir lög þessi og taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ, er óheimilt að taka þátt í veðmalastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.
- 6.3. Aðildarfélög KSÍ, leikmenn og aðrir innan KSÍ samþykkja að fara eftir anda og skilmálum Lyfjaeftirlits Íslands (LÍ), ~~lögum ÍSÍ um lyfjamál~~ og Alþjóðalyfjareglunum (World Anti-Doping Code). Í því felst skuldbinding til að fylgja lyfjareglum LÍ ~~og lögum ÍSÍ um lyfjamál~~ og viðurkenning KSÍ á valdi og ábyrgð lyfjaeftirlits LÍ á framkvæmd lyfjareglanna. Jafnframt skal reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun (FIFA Anti-doping regulations) gilda fullum fetum um lyfjatengd mál innan KSÍ og sé ósamræmi á milli lyfjareglna KSÍ og reglugerðar FIFA um lyfjamisnotkun skulu ákvæði reglugerðar FIFA um lyfjamisnotkun gilda framár.

III. SKIPULAG KSÍ

7. grein - Stjórnkerfi KSÍ og dómstig

- 7.1 Málefnum KSÍ stjórna:
- a. Knattspyrnuþing fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög.
 - b. Stjórn KSÍ fer með æðsta vald í málefnum KSÍ á milli knattspyrnuþinga.
 - c. Fastanefndir KSÍ, sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum knattspyrnusambandsins og starfsreglum, sem stjórn KSÍ setur þeim.
 - d. Sérstakar nefndir, sem skipaðar eru og starfa að afmörkuðum málefnum.
 - e. Framkvæmdastjóri KSÍ, sbr. 21. gr.

- 7.2 Dómstig KSÍ eru:
- Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.
 - Áfrýjunardómstóll KSÍ.
- 7.3 Meðferð tiltekinna ágreinings- og/eða kærumála skal vera í höndum eftirtalinna aðila innan knattspyrnuhreyfingarinnar, samkvæmt ákvæðum sem gilda um þá í lögum þessum eða reglugerðum:
- Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ.
 - Siðanefnd KSÍ.
- 7.4 Leyfisnefndir taka ákvörðun um þáttökuleyfi til keppni í Íslandsmóti þar sem það á við og starfa skv. leyfisreglugerðhandbók sem samþykkt er af stjórn KSÍ og staðfest af UEFA. Þær nefndir eru:
- Leyfisráð.
 - Leyfisdómur.

IV. KNATTSPYRNUÞING

8. grein – Hlutverk

- 8.1 Knattspyrnuþing fer með æðsta vald í málefnum KSÍ. Hlutverk knattspyrnuþings KSÍ er m.a.:
- Að setja knattspyrnusambandinu lög,
 - að marka og ákveða stefnu sambandsins í málefnum sem varða knattspyrnuna á Íslandi,
 - að kjósa fulltrúa í stjórn KSÍ, nefndir og dómstóla, sem lög KSÍ kveða á um,
 - að afgreiða ársreikning KSÍ og samþykkja fjárhagsáætlun sambandsins,
 - að taka ákvarðanir um þau mál sem lögð eru fyrir knattspyrnuþing eða aukaping, og
 - að tryggja eftir fremsta megni jafnvægi kynja þegar kosið er í stjórn og nefndir KSÍ.

10. grein - Réttur til þingsetu

- 10.1 Knattspyrnuþingið sitja fulltrúar frá aðildarfélögum KSÍ. Aðildarfélög KSÍ skulu eftir fremsta megni tilnefna fulltrúa þannig að tekið sé mið af jafnri stöðu kynja.
- 10.2 Fulltrúafjöldi aðildarfélaga ákvarðast af þátttöku þeirra í Íslandsmóti meistaraflokks sem hér segir:
- Fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í efstu deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 4 fulltrúar.
 - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 1. deild karla og/eða kvenna á komandi leiktíð, komi 3 fulltrúar.
 - fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í 2. deild karla á komandi leiktíð, komi 2 fulltrúar.

d. fyrir félag, sem hefur rétt til þátttöku í neðri deildum karla og/eða kvenna á komandi leiktíð en um getur í liðum a.-c., komi 1 fulltrúi, enda hafi það tekið þátt í Íslandsmóti meistaraflokks (**sjálfstætt eða í sameiginlegu liði**) síðustu fimm leiktíðir samfleytt.

e. fyrir sameiginlegt lið félaga komi fulltrúar sbr. a.-d., sem skiptast milli félaga sem standa að liðinu, skv. samkomulagi þeirra á milli ella fellur ~~þátttöku~~réttur til fulltrúa niður.

Fulltrúafjöldi aðildarfélags skal einungis ákvarðast af einum þeirra liða a. til e. sem gefur flesta fulltrúa. Félag sem ekki tefldi fram í móti á vegum KSÍ á síðasta keppnistímabili að minnsta kosti einu liði í yngri flokkum (3. – 6. flokk), getur að hámarki verið með einn fulltrúa.

10.3 Framkvæmdastjóri **Skrifstofa** KSÍ skal senda kjörbréf til aðildarfélaga eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Aðeins sá, sem skráður er á kjörbréf, sem staðfest hefur verið af formanni aðildarfélags eða meirihluta stjórnar þess, er kjörgengur fulltrúi þess á knattspyrnuþingi og fer með atkvæðisrétt.

10.4 Hver þingfulltrúi fer aðeins með eitt atkvæði. Ekki er heimilt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis. Kjörnir fulltrúar í stjórn KSÍ, ~~og~~ varafulltrúar þeirra **og kjörnir fulltrúar úrskurðarnefnda og dómstóla** geta ekki farið með atkvæðisrétt á ársþingi.

10.5 Félög sem eru í skuld við KSÍ miðað við síðustu áramót, missa rétt til þingsetu. KSÍ skal tilkynna þeim félögum eigi síðar en þremur vikum fyrir þing að félagið fái ekki kjörbréf nema eldri skuldir séu gerðar upp. ~~Kjörbréfanefnd~~**Kjörnefnd** skal ganga úr skugga um, að þessu ákvæði sé framfylgt.

10.6 Á knattspyrnuþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

a. Stjórnarmenn KSÍ.

b. Framkvæmdastjóri KSÍ.

c. Tveir fulltrúar samtaka knattspyrnudómara.

d. Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.

e. Tveir fulltrúar Íslensks Toppfótbolta.

f. Tveir fulltrúar Leikmannasamtaka Íslands.

g. Tveir fulltrúar Hagsmunasamtaka knattspyrnukvenna

~~e. Einn fulltrúi stjórnar hvers héraðssambands þar sem knattspyrna er iðkuð.~~

10.7 Jafnframt hafa rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi:

a. Heiðursformenn KSÍ.

b. Kjörnir fulltrúar landsfjórðunga.

c. Nefndarmenn fastanefnda KSÍ.

d. Dómarar í dómstólum KSÍ.

e. Endurskoðandi reikninga KSÍ og skoðunarmenn.

f. Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ.

g. Einn fulltrúi stjórnar hvers héraðssambands þar sem knattspyrna er iðkuð.

h. Einn fulltrúi ráðuneytis íþróttamála ~~menntamálaráðuneytis.~~

i. ~~Tveir fulltrúar samtaka knattspyrnudómara.~~

j. ~~Tveir fulltrúar Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands.~~

10.8 Auk þess getur stjórn KSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu og veitt þeim heimild til að ávarpa þingið.

11. grein –Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum. Reikningar KSÍ.

11.1 Tillögur að laga- og/eða reglugerðarbreytingum og ályktunartillögur, sem óskað er eftir að teknar verði fyrir á knattspyrnuþingi, skulu sendar stjórn KSÍ minnst mánuði fyrir þingsetningu. Tillögurnar skulu yfirfarnar af laga- og leikreglnanefnd KSÍ. Laga- og leikreglnanefnd ber að láta kanna hvort tillögurnar samræmist lagaákvæðum og skuldbindingum knattspyrnusambandsins. Þá skal laga- og leikreglnanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna.

11.2 Eigi síðar en hálfum mánuði fyrir boðað knattspyrnuþing KSÍ, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum dagskrá þingsins og tillögur þær, sem þá hafa borist, ásamt athugasemdum við þær.

11.3 Eigi síðar en viku fyrir boðað knattspyrnuþing, skal stjórn KSÍ senda sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.

12. grein - Kjörnefnd

12.1 Á knattspyrnuþingi og milli þinga skal vera starfandi 3ja manna kjörnefnd, sem fer með það hlutverk að fara yfir framkomin kjörbréf sem borist hafa fyrir knattspyrnuþing. Kjörnefnd kveður upp álit sitt á framkomnum kjörbréfum á ársþingi og upplýsir um fjölda þingfulltrúa hverju sinni. Kjörnefnd annast móttöku framboða til stjórnar KSÍ og gætir þess að frambjóðendur og aðrir einstaklingar sem bjóða sig fram til starfa innan KSÍ uppfylli starfsskilyrði í íþróttahreyfingunni skv. lögum þessum og lögum ÍSÍ. Kjörnefnd skal framkvæma sjálfstæða hæfisathugun með tilliti til almennra hæfisskilyrða laga- og reglugerða KSÍ og ÍSÍ gagnvart þeim sem gerð er tillaga um að knattspyrnuþing kjósi til embætta, nefnda, dómstóla eða stjórnar KSÍ.

13. grein - Dagskrá

13.1 Dagskrá knattspyrnuþings er:

a. Þingsetning og staðfesting á lögmati þingsins í samræmi við lög þessi.

~~b. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.~~

b. Kosning fyrsta og annars þingforseta.

c. Kosning fyrsta og annars þingritara.

d. Ávörp gesta.

e. Álit kjörbréfanefndar og það samþykkt.

f. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.

- g. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- h. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- i. Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
- j. Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- k. Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
- l. Önnur mál.
- m. Kosningar. Álit kjörnefndar.
 - 1. Kosning stjórnar.
 - a. Kosning formanns (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra manna í stjórn.
 - d. Kosning 3ja varamanna í stjórn (annað hvert ár).
 - 2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
 - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 - 3. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
 - 4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
 - 5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn annað hvert ár).
 - 6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (~~3 aðalmenn og 5 varamenn~~).
 - a. Kosning 3ja manna í áfrýjunardómstól
 - b. Kosning 5 varamanna í áfrýjunardómstól
 - 7. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn annað hvert ár).
 - 8. Kosning í leyfisdóm KSÍ (~~5 menn annað hvert ár~~).
 - a. Kosning 5 manna í leyfisdóm (annað hvert ár).
 - b. Kosning 3 varamanna í leyfisdóm (annað hvert ár).
 - 9. Kosning í samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ
 - a. Kosning 3 manna í samninga- og félagaskiptanefnd (annað hvert ár).
 - b. Kosning 3 varamanna í samninga- og félagaskiptanefnd (annað hvert ár).
 - 10. Kosning í siðanefnd KSÍ
 - a. Kosning 3 manna í siðanefnd KSÍ (annað hvert ár).
 - b. Kosning 3 varamanna í siðanefnd KSÍ (annað hvert ár).
 - 11. Kosning fulltrúa í kjaranefnd.
 - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
 - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).
 - 12. Kosning kjörnefndar (3 menn annað hvert ár), er starfi milli þinga.

- n. Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn **og eins fulltrúa varamanns í stjórn** (annað hvert ár).
 - o. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.
 - p. Þingslit.
- 13.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

14. grein - Atkvæðagreiðsla

- 14.1 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á knattspyrnuþingi, nema um lagabreytingar sé að ræða, en þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða þingfulltrúa. Meiri en helmingur þingfulltrúa þurfa að vera mættir á knattspyrnuþing svo atkvæðagreiðsla teljist gild en að öðrum kosti skal boða til annars knattspyrnuþings innan 7 daga.
- 14.2 Þingfulltrúar á knattspyrnuþingi greiða atkvæði um mál með handauppréttingu. Ef ¼ þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu, skal þingforseti verða við ósk þeirra. **Kosning til stjórnar skal vera skrifleg. Þó er ávallt heimilt að kosningar á knattspyrnuþingi séu framkvæmdar með rafrænum hætti.**
- 14.3 Ákvarðanir sem teknar eru á knattspyrnuþingi skulu taka gildi þegar í stað nema annað sé ákveðið á knattspyrnuþingi. Stjórn KSÍ skal ljúka gerð og birtingu nýrra reglugerða eða breytinga á reglugerðum, sem knattspyrnuþing samþykkir, innan fjögurra vikna.

V. STJÓRN KSÍ

16. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

- 16.1. Stjórn KSÍ skal skipuð tíu mönnum að formanni meðtöldum og þremur varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast í sömu röð og þeir eru kosnir. Níu fulltrúar í stjórn KSÍ eru kjörnir beinni kosningu á ársþingi KSÍ. Tilnefning fulltrúa ÍTF skv. ákvæði 16.2 skal lögð fyrir ársþing til staðfestingar.
- 16.2 Auk kjörinna fulltrúa á ársþingi samkvæmt grein 16.1, skal formaður hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum (Íslenskur Toppfótbolti) sitja í stjórn KSÍ, enda séu a.m.k. 2/3 hluti félaga í efstu- og næst efstu deild karla og kvenna aðilar að samtökunum og formaður samtakanna kjörinn af fulltrúum félaganna. **Varaformaður ÍTF, sem jafnframt skal kjörinn af fulltrúum aðildarfélaganna ÍTF, tekur sæti á stjórnarfundum KSÍ ef formaður er forfallaður.** Fulltrúi hagsmunasamtaka félaga í efstu deildum (Íslenskur Toppfótbolti) í stjórn KSÍ skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og stjórnarmenn, skv. grein 17.2
- 16.3 Stjórn KSÍ skal funda reglulega með félögum og hagsmunasamtökum félaga þar sem farið verði yfir hagsmunamál félaganna.

17. grein - Kosning stjórnar KSÍ

- 17.1 Stjórn KSÍ er kosin á knattspyrnuþingi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. **Árlega skal kosið um fjóra stjórnarmenn.** Kosning skal fara þannig fram:
- a. Kosning formanns, annað hvert ár, til tveggja ára í senn. Formaður skal ekki sitja lengur en sex kjörtímabil samfleytt.

- b. Kosning fjögurra manna í stjórn til tveggja ára. **Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF til tveggja ára í stjórn KSÍ, skv. grein 16.2. Stjórnarmaður skal ekki sitja lengur en tíu kjörtímabil samfleytt.**
 - c. Kosning þrjá manna til vara í stjórn til ~~eins árs~~ tveggja ára. **Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF til vara í stjórn KSÍ, skv. grein 16.2. Kjör í varastjórn er ekki háð tímamörkum og rýrir ekki tímalengd til setu í stjórn ef viðkomandi er kjörinn/kjörin til stjórnarsetu.**
- 17.2 Þeir sem bjóða sig fram til embættis sem kosið er um samkvæmt grein 17.1. skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða skattalögum. Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsisdóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 til starfa innan íþróttahreyfingarinnar. **Þeir sem kosnir eru í stjórn KSÍ og þeir sem kosnir eru til vara í stjórn KSÍ, að undanskildum fulltrúa ÍTF, skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá aðildarfélögum KSÍ né sitja í stjórnnum eða vera formaður ráða þeirra.***

* **Fyrirvari;** Hér skal tekið fram að framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur ekki staðfest breytingu á þeim hluta greinar 17.2 sem undanskildir fulltrúa ÍTF frá hæfisskilyrði í lokamálslið greinarinnar. Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur sett þann fyrirvara að umræddur hluti greinar 17.2 komi ekki til framkvæmdar við stjórnarkjör og staðfestingu fulltrúa ÍTF. Tryggja skuli að breyting verði gerð á tilvitnuðu ákvæði greinar 17.2 á viðeigandi vettvangi KSÍ.

19. grein - Starfssvið stjórnar KSÍ

- 19.1. Stjórn KSÍ fer með málefni sambandsins og skal annast um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í góðu horfi. Undir starfssvið stjórnarinnar fellur m.a. eftirfarandi:
1. að framkvæma ályktanir knattspyrnuþings,
 2. að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ,
 3. að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur og setja honum starfslýsingu,
 4. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
 5. að hafa samráð við og sitja reglubundna fundi með fulltrúum aðildarfélaganna KSÍ og annarra hagsmunaaðila,
 6. að setja stjórn, nefndum og starfsfólki starfsreglur, sem byggi á góðum stjórnarháttum og gildum laga KSÍ,
 7. að setja nauðsynlegar reglur og bráðabirgðaákvæði um knattspyrnumál á Íslandi,
 8. að annast útgáfu á knattspyrnulögnum og reglugerðum fyrir knattspyrnu, og sjá til þess að þær séu jafnan í samræmi við alþjóðareglur,
 9. að hafa yfirstjórn með Íslandsmóti karla og kvenna í öllum aldursflokkum, bikarkeppnum og öðrum landsmótum,
 10. að ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót á Íslandi í samræmi við alþjóðlega leikdaga í samræmi við ákvarðanir FIFA og UEFA,
 11. að taka ákvarðanir um þátttöku íslenskra knattspyrnuliða á alþjóðavettvangi þegar það á við,
 12. að tefla fram landsliðum í knattspyrnu í keppni á alþjóðavettvangi,

13. að ráða landsliðsþjálfara **A-landsliða** til starfa,
14. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnuhreyfingarinnar í landinu,
15. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KSÍ ná ekki yfir,
16. að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga,
17. að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ, þ.m.t. að fylgja eftir samþykktri fjárhagsáætlun. Stjórn KSÍ skal ekki víkja frá samþykktri fjárhagsáætlun nema hún telji gildar ástæður til og að fenginni umsögn fjárhags- og endurskoðunarnefndar. Í því tilviki skal hún leggja fyrir á næsta ársþingi greinargerð með skýringum á frávikunum. Ákvarðanir um meiriháttar skuldbindingar skal bera undir ársþing KSÍ eða aukáþing.
- 19.2 Stjórn KSÍ hefur eftirlit með því að lög KSÍ, reglugerðir KSÍ og leikreglur séu haldin og getur hún vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.
- 19.3 Stjórn KSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum KSÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum, sem gilda á hverjum tíma.

VI. NEFNDIR KSÍ

23. grein - Fastanefndir

- 23.1 Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir:
 - a. Dómaranefnd
 - b. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd
 - c. Fræðslu- og útbreiðslunefnd
 - d. Grasrótarnefnd**
 - e. Heilbrigðisnefnd**
 - f. Laga- og leikreglnanefnd
 - e. Landsliðsnefndir
 - g. Mannvirkjanefnd
 - h. Markaðsnefnd**
 - i. Mótanefnd
 - h. Samninga- og félagaskiptanefnd
 - j. Knattspyrnu- og þróunarnefnd**
- 23.2 Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KSÍ skv. lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.
- ~~23.3 Formaður fastanefndar skal vera stjórnarmaður KSÍ eða kjörinn varafulltrúi í stjórn, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Formaður boðar til fundar og stýrir þeim.~~
- 23.3 Stjórn KSÍ skal gæta þess að í nefndum á vegum sambandsins séu skipaðir aðilar af báðum kynjum og þar á meðal fulltrúar félaga eða hagsmunasamtaka félaganna.

26. grein – Fræðslu- og útbreiðslunefnd

- 26.1 Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál KSÍ og annast sér í lagi menntun knattspyrnuþjálfara og leiðtoga. Nefndin skal einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu og vinna að eflingu knattspyrnunnar, afreksstefnu og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í leik og starfi innan vébanda knattspyrnusambandsins.

27. grein – Grasrótarnefnd

- 27.1 Grasrótarnefnd hefur umsjón með útbreiðslu og viðburðum með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í leik og starfi innan vébanda knattspyrnusambandsins.

28. grein – Heilbrigðisnefnd

- 28.1 Heilbrigðisnefnd er KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um heilbrigðismál. Nefndin skal vinna að eflingu þekkingar á heilbrigðismálum innan knattspyrnuhreyfingarinnar og fylgjast með þróun á alþjóðaregluverki í málaflokknum.

29. grein - Laga- og leikreglanefnd

- 29.1 Laga- og leikreglanefnd er stjórn KSÍ og aðildarfélögum til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur sem berast fyrir knattspyrnuþing og metur hvort þær séu rétt fram settar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

26. grein – Landsliðsnefndir

- 26.1 Landsliðsnefndir hafa umsjón með tilteknu landsliði eða landsliðum. Nefndirnar hafa umsjón með þátttöku viðkomandi liða í alþjóðakeppni.

30. grein - Mannvirkjanefnd

- 30.1 Mannvirkjanefnd er stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um knattspyrnumannvirki og mannvirkjasjóð. Nefndin annast flokkun knattspyrnuvalla og gerir tillögur til stjórnar KSÍ um veitingu keppnisvallarleyfa fyrir knattspyrnuvelli.

31. grein – Markaðsnefnd

- 31.1 Markaðsnefnd er KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um markaðsmál. Nefndin vinnur að framgangi vörumerkja KSÍ og ímyndar knattspyrnuhreyfingarinnar.

33. grein – Knattspyrnu- og þróunarnefnd

- 33.1 Knattspyrnu- og þróunarnefnd skal vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu og vinna að eflingu knattspyrnunnar, þ.m.t. afreksstefnu og framþróunar leikmanna og landsliða.

VII. SJÁLFSTÆÐAR NEFNDIR OG DÓMSTIG

35. grein - Kjaranefnd ~~Skipan og hlutverk~~

- 35.1. Kjaranefnd er skipuð þremur fulltrúum og einum til vara og er kosin á ársþingi KSÍ til tveggja ára.
- 35.2. Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:
- Að gera tillögu til stjórnar KSÍ um laun, viðmiðun launabreytinga og starfstengd kjör formanns KSÍ og ganga frá launasamningi við hann að fenginni staðfestingu stjórnar KSÍ á tillögu nefndarinnar.
 - Að gera tillögu til stjórnar KSÍ að reglum varðandi greiðslu dagpeninga, útlagðan kostnað og ferðakostnaðar fulltrúa í stjórn KSÍ og annarra sem fallið gætu undir slíkar reglur.
 - Að gera tillögu að öðrum þeim reglum sem lúta að greiðslum til kjörinna fulltrúa og fulltrúa í fastanefndum KSÍ.
- 35.3. Kjaranefnd skal halda fundargerðir um fundi sína og leggja fyrir stjórn KSÍ. Ákvarðanir nefndarinnar skulu bókaðar og rökstuddar.
- 35.4. Um hæfi þeirra sem kosin eru í kjaranefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. ~~Þau~~ ~~þeir~~ sem kosin eru í kjaranefnd skulu **hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórnnum eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.** ~~ekki sitja í stjórn KSÍ eða stjórnnum aðildarfélaga.~~

~~VII. AGA- OG ÚRSKURÐARNEFND KSÍ~~

36. grein - Aga- og úrskurðarnefnd

- 36.1 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra fimm mönnum. Skulu þeir kosnir á knattspyrnuþingi til tveggja ára í senn.
- 36.2 Nefndin starfar skv. aga- og úrskurðarreglum KSÍ og skulu a. m. k. þrír taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a. m. k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.
- 36.3 Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum þessum, reglugerðum KSÍ og aga- og úrskurðarreglum KSÍ gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ.
- 36.4 Um hæfi þeirra sem kosin eru í aga- og úrskurðarnefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. ~~Þau~~ ~~þeir~~ sem kosin eru í aga- og úrskurðarnefnd skulu **hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórnnum eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.**

37. grein – Siðanefnd

- 37.1 Siðanefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum þessum, siðareglum KSÍ og siðareglum FIFA (FIFA Code of Ethics). Hlutverk siðanefndar KSÍ er að fjalla um þau mál sem til hennar er beint samkvæmt siðareglum KSÍ og úrskurða í málum sem falla undir ákvæði siðareglanna.
- 37.2 Siðanefnd skal skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara. Fulltrúar í nefndina skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi og þar af einn sem formaður. Kosið skal til tveggja ára í senn.
- 37.3 Um hæfi þeirra sem kosin eru í siðanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þau sem kosin eru í siðanefnd skulu hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórnnum eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.

38. grein – Áfrýjunardómstóll

- 38.1 Áfrýjunardómstóll KSÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól.
- 38.2 Áfrýjunardómstóll KSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 5 löglærðum til vara.
- 38.3 Dómarar skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi til setu fram að næsta reglulega knattspyrnuþingi og kýs dómstóllinn sér forseta úr hópi aðalmanna.
- 38.4 Dómstóllinn starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ og skulu a. m. k. þrjú dómarar fara með mál og skipar forseti í dóminn í hverju máli fyrir sig.
- 38.5 Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar og siðanefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmálfefnd og siðareglum KSÍ.
- 38.6 Ákvarðanir dómstólsins eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Málsmeðferð fyrir áfrýjunardómstóli ÍSÍ fer eftir lögum ÍSÍ. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.
- 38.7. Um hæfi þeirra sem kosnir eru í áfrýjunardómstól KSÍ skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þau þeir sem kosnir eru í áfrýjunardómstól KSÍ skulu hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórnnum eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.

39. grein – Samninga- og félagaskiptanefnd

- 39.1 Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Hlutverk samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ er að fjalla um þau málefni sem til hennar er beint samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ og úrskurða í ágreiningsmálum, sem nefndinni berast.
- 39.2 Samninga- og félagaskiptanefnd skal skipuð þremur löglærðum nefndarmönnum og þremur löglærðum til vara.
- 39.3 Nefndarmenn skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi og þar af einn formaður. Kosið skal til tveggja ára í senn.
- 39.4 Úrskurðir samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsefni eru bindandi fyrir deiluaðila.

39.5 Um hæfi þeirra sem kosin eru í samninga- og félagaskiptanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þau sem kosin eru í samninga- og félagaskiptanefnd skulu hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórnnum eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.

40. grein - Lögsaga o.fl.

40.1 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, **siðanefnd KSÍ** og áfrýjunardómstóll KSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á. **Dómstóll ÍSÍ er þó ávallt fyrsta dómstig er varða brot á 2. grein og 10. grein í lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands.**

40.2 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, **siðanefnd KSÍ** og áfrýjunardómstóll KSÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum, umboðsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, **siðanefnd KSÍ** og áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KSÍ að reka málið fyrir **öðrum** nefndum innan KSÍ. Aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál vegna laga- og reglugerða KSÍ fyrir almennum dómstólum.

40.3 Niðurstöðum ágreinings- og/eða kærumála innan KSÍ er heimilt að skjóta með áfrýjun til Alþjóða Íþróttadómstólsins CAS. Á það aðeins við ef málskotleiðir innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi hafa verið tæmdar. Alþjóða Íþróttadómstóllinn CAS leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-Related Arbitration), nema landslög kveði á um annað.

40.4 Ágreiningsmál alþjóðlegs eðlis sem sprottin eru frá eða varða lög, reglugerðir, tilskipanir eða ákvarðanir FIFA eða UEFA, má á seinasta málskotsstigi aðeins áfrýja til Alþjóða Íþróttadómstólsins CAS samkvæmt lögum FIFA og UEFA.

~~39.3 Ágreiningsmál aðila innan vébanda KSÍ gagnvart aðila innan vébanda erlends knattspyrnusambands skal fara með samkvæmt reglum FIFA eða UEFA og hefur FIFA eða UEFA lögsögu í slíkum málum. Ákvarðanir FIFA eða UEFA í slíkum málum eru endanlegar og bindandi fyrir alla aðila en ákvörðunum FIFA eða UEFA er hægt að skjóta til Íþróttadómstólsins (Court of Arbitration for Sport, skammstafað CAS) í Lausanne í Sviss sem leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports related Arbitration). Er sú niðurstaða endanleg og bindandi fyrir aðila.~~

39.4 Um hæfi þeirra sem skipa áfrýjunardómstól KSÍ skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í áfrýjunardómstól KSÍ skulu hvorki sitja í stjórn knattspyrnusambandsins eða stjórnnum aðildarfélaga.

VIII. IX. KNATTSPYRNUMÓT

41. grein - Knattspyrnumót

41.1 Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þáttökuliðum skipt í 7 deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum, 4. deild 10 liðum, 5. deild 16 liðum sem leika í tveimur riðlum og Utandeild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í sex efstu deildunum.

- 41.2 Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þáttökuliðum skipt í a.m.k. 3 deildir, efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum. Tilkynni fleiri en 11 lið sig til keppni í 2. deild kvenna, þá er stjórn KSÍ heimilt að skipta þáttökuliðum í fleiri deildir, en þá skal 2. deild kvenna skipuð 8-10 liðum og 3. deild kvenna skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í þremur efstu deildunum samkvæmt fyrirkomulagi skilgreindu í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
- 41.3 Stjórn KSÍ getur ákveðið að gefa deildum karla og kvenna nafn.
- 41.4 Í efstu deildum karla og kvenna, 1. deildum karla og kvenna, 2. deild karla, 3. deild karla og 4. deild karla landsdeildum karla og kvenna er leikin að lágmarki tvöföld umferð þar sem hvert lið leikur tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal kveðið nánar á um fyrirkomulag móta, s.s. fjölda leikja í hverri deild, reglur um færslu liða á milli deilda og deildarmeistara. Breytingar á keppnisfyrirkomulagi skulu gerðar að höfðu samráði við þáttökulið þeirra deilda sem breytingin hefur áhrif á. Breytingar skulu kynntar aðildarfélögum KSÍ eigi síðar en 15. nóvember ár hvert fyrir komandi keppnistímabil. Endanlegar reglur um keppnisfyrirkomulag skulu vera staðfestar í reglugerð eigi síðar en 1. desember ár hvert fyrir komandi keppnistímabil.
- 41.5 Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.

47. grein – Fulltrúar landsfjórðunga

- 47.1 Fulltrúar landsfjórðunga eru fjórir, einn fyrir Vesturland og Vestfirði, einn fyrir Norðurland, einn fyrir Austurland og einn fyrir Suðurland. Landshlutafulltrúar eru trúnaðarmenn KSÍ á hverju svæði. Hlutverk fulltrúa landsfjórðunga er að fylgjast með starfi knattspyrnufélaga í fjórðungnum, stöðu knattspyrnunnar á svæðinu og skila KSÍ greinargerð um stöðu mála ásamt tillögum um aðgerðir eftir því sem þörf krefur.
- 47.2 Stjórn KSÍ skal a.m.k. ársfjórðungslega boða fulltrúa landsfjórðunga á stjórnarfund. Á þeim fundum hafa kjörnir fulltrúar landsfjórðunga málfrelsi- og tillögurétt. og atkvæðisrétt.

Samþykkt af ársþingi KSÍ 25. febrúar 2023.

Samþykkt af framkvæmdastjórn ÍSÍ 11. júlí 2023.

Greinargerð

Framangreindar breytingar voru lagðar fram og samþykktar á knattspyrnuþingi 2023. Um ræðir breytingar sem voru að mestu voru unnar af starfshópi um stjórnskipulag KSÍ en lagðar fram af stjórn KSÍ. Starfshópurinn naut aðstoðar UEFA í sinni vinnu sem gerði úttekt á lögum KSÍ og skilaði skýrslu til KSÍ. Þá hafði UEFA áður gert úttekt á reglum tengdum góðum stjórnarháttum (good governance) sem starfshópurinn notaðist við í sinni vinnu. Þá komu fram breytingartillögur sem

samþykktar voru við afgreiðslu lagabreytinga á ársþingi KSÍ 25. febrúar sl., sem hafa verið felldar inn í lög.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- **Hlutverk og tilgangur KSÍ (2. grein)**
 - Bætt við að meðal hlutverka KSÍ sé að koma í veg fyrir óeðlileg afskipti og stuðla að góðum stjórnarháttum (good governance).
- **Hlutverk ársþings (sjá athugasemd frá UEFA).**
 - Skilgreina þurfi í 8. eða 9. grein hvert hlutverk ársþings KSÍ sé.
 - Ársþing fari með lagabreytingavald o.s.frv.
- **Fulltrúar landsfjórðunga**
 - Stjórn KSÍ skal a.m.k. ársfjórðungslega boða fulltrúa landsfjórðunga á stjórnarfund. Á þeim fundum hafa kjörnir fulltrúar landsfjórðunga málfrelsi og tillögurétt.
- **Stjórn KSÍ**
 - Reglulega skuli haft samráð/samskipti við hagsmunaaðila
 - Stjórn skuli setja sér verklagsreglur um góða stjórnarhætti (good governance) og hagsmunaárekstra.
 - Bætt verði við ákvæði um stefnu hvað varðar kynjahlutfall. Þ.e. að stefnt skuli að jöfnu hlutfalli kynja í stjórn KSÍ.
 - Varaformaður ÍTF, sem jafnframt skal kjörinn af fulltrúum aðildarfélaganna ÍTF, tekur sæti á stjórnarfundum KSÍ ef formaður ÍTF er forfallaður. Stjórnarmaður skal ekki sitja lengur en tíu kjörtímabil samfleytt.
 - Varamenn í stjórn kosnir til tveggja ára.
- **Sameining kjörbréfanefndar og kjörnefndar.**
 - Nefnd er nú kosin til tveggja ára í senn og hefur skilgreint hlutverk.
- **Aðkoma hagsmunaaðila á ársþingi**
 - Grein 9.7. í lögum KSÍ
 - Tveir fulltrúar eftirfarandi samtaka eigi rétt til þingsetu og hafi þar málfrelsi og tillögurétt:
 - Samtök knattspyrnudómara
 - Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
 - Íslenskur Toppfótbolti
 - Leikmannasamtök Íslands
 - Hagsmunasamtök knattspyrnukvenna
- **Fyrirkomulag fastanefnda**
 - Landsliðsnefndir teknar út úr lögum.
 - Tækni- og þróunarnefnd (nýtt)
 - Markaðsnefnd (nýtt).
 - Heilbrigðisnefnd og knattspyrnu- og þróunarnefnd verði bætt við í kafla um fastanefndir.
 - Samninga- og félagaskiptanefnd verði sjálfstæð úrskurðarnefnd (dómstig), kosin sérstaklega á ársþingi.
- **Dómstig KSÍ:**
 - Dómstig verði færð undir sérstakan kafla.

- Bætt hefur verið við tilvísun til siðanefndar KSÍ
 - Bætt hefur verið við grein um hlutverk siðanefndar KSÍ
 - Bætt hefur verið tilvísun til samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ
 - Bætt hefur verið við grein um hlutverk samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ
 - **Knattspyrnumót:**
 - Tilkygni fleiri en 11 lið sig til keppni í 2. deild kvenna, þá er stjórn KSÍ heimilt að skipta þáttökuliðum í fleiri deildir, en þá skal 2. deild kvenna skipuð 8-10 liðum og 3. deild kvenna skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í þremur efstu deildunum samkvæmt fyrirkomulagi skilgreindu í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
 - **Áfrýjun til CAS:**
 - Staðlað orðalag í lögum knattspyrnusambanda. Þ.e. að áfrýjun til Alþjóða Íþróttadómstólsins CAS sé möguleg hafi allar kæruleiðir í knattspyrnuhreyfingunni hér á landi verið tæmdar/reyndar.
-

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson
yfirlögfræðingur hjá KSÍ